



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1092  
komudagur 28.2.2006

Æskulýðsráð ríkisins

Alþingi  
nefndasvið  
150 Reykjavík

Umsögn um þskj. 655 - 434 mál 132. löggjafarþing 2005-2006  
Frumvarp til Æskulýðslaga

Æskulýðsráð ríkisins mælir með samþykkt frumvarpsins.

Æskulýðsráð ríkisins fagnar sérstaklega þeirri tillögu að lögfesta skuli Æskulýðssjóð og telur að hann muni gegna veigamiklu hlutverki til að styrkja starf æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka. Einnig fagnar ráðið því því mikilvæga ákvæði um að gerðar séu auknar kröfur til þeirra sem starfa með börnum á þessum vettvangi. Þá er mjög mikilvægt ákvæðið um ungmennaráð, varðar það lýðræðislega aðkomu ungmenna að stjórnvöldum í nærumhverfi sínu. Þá er breitt hlutverk æskulýðsráðs mjög ásættanlegt að lokum telur Æskulýðsráð mjög mikilvægt að fest sé í lög að reglubundið skuli rannsaka hagi ungs fólks á Íslandi því rannsóknir sem þessar gegna lykilhlutverki við stefnumörkun í málaflokknum.

Reykjavík 22. febrúar 2006

fh. Æskulýðsráðs ríkisins

Júlíus Aðalsteinsson  
formaður